

**Nd.**

**810. Frumvarp til laga**

[460. mál]

um jöfnun orkukostnaðar.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ingi Björn Albertsson, Óli P. Guðbjartsson.

1. gr.

Um orkuverð til húshitunar frá raforkuveitum skal gilda sérstakt hámarksverð, sbr. 2. gr. Raforkuveitum er óheimilt að selja raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og þjónustustöðva sveitarfélaganna við herra verði en kveðið er á um í lögum þessum.

2. gr.

Verð hvernar orkueiningar frá raforkuveitum má ekki vera herra en 75% umfram meðalverð orkueiningar eftirgreindra fjögurra hitaveitna: Hitaveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Sauðárkróks, Hitaveitu Ólafsfjarðar og Hitaveitu Dalvíkur.

Iðnaðarráðherra skal setja reglur um útreikning hámarksverðs og annast framkvæmd laga þessara.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal gera sérstaka úttekt á rekstri Landsvirkjunar og gjaldskrá hennar með tilliti til eðlilegs greiðslutíma fjárfestingarlána miðað við endingartíma virkjana.

Einnig skal ríkisstjórnin gera sérstaka úttekt á rekstri þeirra raforkuveitna sem verða fyrir tekjumissi vegna þessara laga. Henni er heimilt að taka lán til þess að bæta rekstur þeirra, skuldbreyta eldri lánum og veita þeim sérstaka styrki úr ríkissjóði.

Niðurstöður þeirra kannana, sem ríkisstjórnin skal standa að samkvæmt lögum þessum, skal birta almenningi og skal orkueiningarverð endurskoðað og stefnt að meiri jöfnuði skv. 2. gr. fyrir 1. júlí 1989.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1988.

**Greinargerð.**

Miklar umræður hafa farið fram að undanfögnu um það misrétti sem leiðir af þeim mikla mun sem er á orkukostnaði til húshitunar. Að vísu er það ekki nýtt fyrirbríði að orkukostnaður sé mishár hér á landi. Það sem hefur breyst er að raforkan er orðin dýrasti orkugjafinn til húshitunar. Raforka til húshitunar er orðin rúmlega 50% dýrari en hráolían, að sögn Fjórðungssambands Norðlendinga og Orkubús Vestfjarða. Raforkan er einnig dýrari en óhagkvæmustu hitaveiturnar.

Í skýrslu frá fjórðungssambandi Norðlendinga kemur fram að á Norðurlandi er gjaldskrá ódýrustu hitaveitunnar um 28% af gjaldskrá þeirrar dýrustu, munurinn tæplega fjórfaldur.

Í útreikningi vísitölu framfærslukostnaðar er gert ráð fyrir að hitakostnaður sé 2577 kr. á mánuði hjá vísitölu fjölskyldunni. Hitunarkostnaður meðalhúss, ef rafhitun er notuð, er 86,6% hærri en ef hitakostnaður framfærsluvísitölunnar er notaður sem viðmiðun.

Sé miðað við Reykjavík er hitakostnaður meðalhúss 30% lægri en hitakostnaður vísitöluhússins í framfærsluvísitölunni. (Meðalhús í þessum útreikningi er 400 m<sup>3</sup>.) Þessi munur mun þó í reynd vera enn meiri því meðalárshitinn er hærri á sunnanverðu landinu en norðanverðu. Íbúðir í strjálbýli og í minni þéttbýlisstöðum eru yfirleitt stærri og hlutfallslega meira af einbýlishúsum en á höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan fyrir þessari þróun er í flestum tilfellum sú að litlir möguleikir eru á að selja eða skipta um íbúðir eftir þörfum fjölskyldnanna á ýmsum stöðum á landinu. Á suðvesturhorninu er ekki óalgengt að hver fjölskylda skipti um íbúð þrisvar á ævinni eftir stærð fjölskyldunnar á hverjum tíma og öðrum

aðstæðum og slíkir möguleikar eru alltaf fyrir hendi þar. Eftir fréttum í fjölmiðlum að dæma er hitakostnaður með raforku óheyrilega mikill og getur enginn undrast yfir því þó íbúar hinna köldu svæða sætti sig ekki við þau ókjör sem þeir eru látnir sæta með þeirri verðlagningu.

Í fréttum hefur komið fram að t.d. á Pingeyri sé hitakostnaður frá 7 þús. kr. á mánuði upp í 14 þús. kr. Fullyrt er að hitakostnaður sé enn hærri í einstaka tilvikum. Í Reykjavík mun þessi kostnaður vera í einbýlishúsum um 2 þús. kr. á mánuði, meðalhús um 1800 kr. og í fjölbýlishúsum mun lægri hitakostnaður.

Fram hefur komið að heildsöluverð á raforku frá Landsvirkjun er a.m.k. 50% herra en svokallaður langtímajaðarkostnaður sem er talinn eðlilegt verð frá framleiðanda. Ástæðan fyrir þessari verðlagningu er fyrst og fremst sú að Landsvirkjun stefnir að 100% eiginfjárstöðu um næstu aldamót þrátt fyrir 3% raunlækkun raforku á ári til almenningsrafveitna. Þar að auki er keppt að því að eigendur Landsvirkjunar, Reykjavíkurborg, Akureyrarbær og ríkissjóður njóti arðgreiðslna af fjárfestingu sinni í fyrirtækinu. Málum er nú þannig fyrir komið að Landsvirkjun ræður að öllu leyti sínum gjaldskrármálum og virðist miða gjaldskrána eingöngu við afkomu fyrirtækisins án tillits til almennra hagsmuna eða afkomu helstu framleiðslufyrirtækja þjóðarinnar.

Gamalt máltæki segir: „Hver sá sem kann ekki að fara með vald, sem honum er trúað fyrir, er dæmdur til að missa það.“ Mál standa þannig nú að mikil hætta er á að ýmsar byggðir fari í eyði ef ekki verður brugðist við nú þegar, byggðir sem leggja í þjóðarbúið mikil verðmæti. Margar samverkandi ástæður eru fyrir því að við stöndum frammi fyrir slíkri stöðu og verðum að gera nú þegar ráðstafanir til að bægja þessari hættu frá, ekki eingöngu vegna þessara byggða, sem í hættu eru, heldur fyrst og fremst vegna þjóðarinnar allrar. Hvernig yrði staða borgríkisins við Faxaflóa eftir að byggðir annars staðar væru komnar í eyði? Hver ætti þá að fæða borgrikið?

Umsóknir um íbúðalán eru spegilmynd af ástandi þessara mála. Af 12 þúsund umsóknum eru um 9300 þar sem sótt er um að byggja á höfuðborgarsvæðinu, en aðeins 2700 utan þess, eða 22,5% af umsóknum. Í þessum tölum kemur fram viðhorf almennings á stöðunni í byggðamálum okkar og á lífsaðstöðunni úti á landi miðað við á höfuðborgarsvæðinu. Það er þungur dómur sem felst í þessum tölum.

Það sem vegur þó þungst í þessum málum er að allt of lítill hluti af því verðmæti, sem hvert kjördæmi eða landshluti aflar, verður eftir þar til uppbyggingar og skipta. Húshitunarkostnaðurinn í hinum köldu byggðum hefur einnig afgerandi áhrif þó að margt fleira sé þar samverkandi. Í því sambandi má minna á margendurtekin loforð og fyrirheit stjórn málaflökkanna um úrbætur af ýmsu tagi til að draga úr þeim mikla aðstöðumun sem þjakar okkar þjóðfélag. Loforðin koma að jafnaði fyrir kosningar en efnidirnar láta á sér standa.

Misréttið hefur aldrei verið jafnhrikalegt og það er nú, t.d. í tekjum. Til að finna þessum orðum stað skal hér vitnað í þingtíðindi frá 105. löggjafarþingi 1982–83. Í greinargerð með frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna, sem flutt var af formönnum stjórn málaflökkanna sem þá áttu sæti á þingi, stendur eftirfarandi:

„Þingflokkar Alþýðubandalags, Alþýðuflokks, Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, sem að frumvarpi þessu standa, hafa auk þess orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. Að leggja fram með frumvarpi þessu sem sérprentað fylgiskjal skýrslu stjórnarskrárnefndar um endurskoðun stjórnarskrárinnar sem er dagsett í Reykjavík 1983. Þetta er gert í því skyni að almennar umræður fari fram um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Ætti almenningi því að gefast kostur á að tjá sig um þá endurskoðun þannig að afgreiðsla nýrrar stjórnarskrár geti orðið með vönduðum hætti að lokinni rækilegri umfjöllun.

2. Að beita sér fyrir aukinni valddreifingu og virkara lýðræði samhliða afgreiðslu nýrrar stjórnarskrár. Meðal annars fái sveitarfélög meira sjálfsforræði og þannig verði völd og áhrif landsmanna allra í eigin málum aukin óháð búsetu þeirra. *Jafnframt munu þingflokkarnir beita sér fyrir sérstökum aðgerðum til þess að jafna félagslega og efnalega aðstöðu manna þar sem mismunar vegna búsetu gætir helst.*“

Hvað er um efndirnar?

Til þess að ákvæði um þetta efni yrði sett inn í sjálf stjórnarskipunarlögin fluttu Stefán Valgeirsson og Ólafur P. Þórðarson breytingartillögu sem var þannig:

„Á eftir 3. gr. komi ný grein svo hljóðandi:

77. gr. orðist svo:

Skattamálum skal skipað með lögum. Við ákvörðun skatta á tekjur og eignir skal gætt jafnræðis þegnanna þannig að til lækkunar komi sérstakur kostnaður vegna búsetu eftir því sem nánar verður ákveðið í lögum þessum.“

Þessi tillaga hlaut ekki náð fyrir augum nema fárra þingmanna og náði ekki fram að ganga.

Á 109. löggjafarþinginu flutti fyrsti flutningsmaður þessa frumvarps eftirfarandi frumvarp:

#### „Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 75 frá 1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 1. mgr. 30. gr. laganna bætist nýr stafliður svo hljóðandi:

j) Orkukostnað vegna íbúðarhúsnæðis.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu tekjuskatts á árinu 1987 vegna tekna ársins 1986.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Í þessu frumvarpi fólst að orkukostnaður yrði frádráttarbær við álagningu tekjuskatts.

Ekki fékk þetta frumvarp betri móttökur, það fékk tvö atkvæði. Það fara ekki alltaf saman orð og efndir.

Á hverju ári síðan fyrri tillagan var flutt á 105. löggjafarþinginu hefur verið spurt um það hvenær og hvernig stjórn mála flokkarnir, er stóðu að flutningi stjórnarskipunarlaganna, ætli að standa við áður tilgreind fyrirheit. Engin svör hafa fengist.

Hvaða viðtökur þetta frumvarp kann að fá mun koma síðar í ljós.

Á það skal minnt að þegar olíuverðið stóð sem hæst var gert mikið átak í að leggja hitaveitur og virkja fallvötn til raforkuframléiðslu til að losna við að hita upp með olíu. Að áeggjan og að frumkvæði stjórnvalda hættu flestir að kynda með olíu en af þeirri breytingu leiddi verulegan kostnað. Stjórnvöld buðu 50 þús. kr. að láni til breytinganna sem er nú orðið um 150 þús. kr. Niðurgreiðslum á olíu til hitunar húsnæðis var hætt. Stjórnvöld lofuðu jöfnun á orkuverði og var miðað við að orkuverð væri sambærilegt um allt land.

Með flutningi þessa frumvarps er lagt til að stíga fyrsta skrefið til jöfnunar hitakostnaðar. Einnig þarf að gera ráðstafanir til að orkuverð frá óhagkvæmstu hitaveitunum verði ekki hærra til notenda en raforkan verður ef þetta frumvarp verður lögfest, eða um 1,35 kr. á kwst. að óbreyttum gjaldskráum þeirra hitaveitna sem hafðar eru til viðmiðunar í þessu efni.

Raunhæfasta leiðin til þess að lækka orkuverðið til húshitunar með raforku er að Landsvirkjun lengi verulega greiðslutíma fjárfestingarlána sinna og taki þannig meira tillit til

stöðu byggðanna og um leið stöðu landsins alls því ekki verður seld raforka til þeirra byggða sem fara í eyði. Það væri ekki síður fáránlegt að halda raforkuverðinu það háu að það yrði fangaráð hjá fólki að taka aftur upp olíukyndingu til að bjarga sér undan raforkuokrinu. Þá stæði Landsvirkjun uppi með meiri orku sem enginn kaupandi væri að.

En það eru fleiri leiðir til þess að jafna húshitunarkostnaðinn en ástæðulaust að fjalla um það í þessari greinargerð vegna þeirrar miklu umfjöllunar sem þetta mál hefur fengið að undanförunu í fjölmiðlum.

Í 1. gr. frumvarpsins er lagt til að sett verði hámarksverð á raforku til húshitunar og þjónustustöðva sveitarfélaga, eins og t.d. skólamannvirkja, sundlauga, heilbrigðisstofnana og annarra þjónustustofnana, og rafveitum sé óheimilt að selja raforku hærra en ákveðið sé í þessum lögum.

Í 2. gr. frumvarpsins er lagt til að verð hveirrar orkueiningar frá raforkuveitum megi ekki vera hærra en 75% umfram meðalverð orkueiningar fjögurra hitaveitna, þ.e. Hitaveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Sauðárkróks, Hitaveitu Ólafsfjarðar og Hitaveitu Dalvíkur. Að öllu óbreyttu yrði þá kwst. á um 1,35 kr. Enn fremur segir í 2. gr. að iðnaðarráðherra skuli setja reglur um útreikning hámarksverðs og annast framkvæmd þessara laga.

Í 3. gr. er lagt til að kanna rekstur, endurgreiðslur lána og gjaldskrá Landsvirkjunar með það fyrir augum að lækka húshitunarkostnaðinn með því að lengja fjárfestingarlán Landsvirkjunar. Enn fremur verði gerð sérstök úttekt á rekstri raforkuveitna sem kynnu að verða fyrir tekjumissi vegna þessara laga. Ríkisstjórninni verði heimilt að taka lán til þess að bæta rekstur þeirra, skuldbreyta eldri lánnum eða veita þeim sérstaka styrki úr ríkissjóði. Niðurstöður kannana verði birtar almenningi og skal orkueiningarverðið endurskoðað og stefnt að meiri jöfnuði á orkuverði fyrir 1. júlí 1989.